

Bolungarvík 21.9 2023

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

### **Tillaga Deiliskipulag frístundabyggð Vesturbotn - Vesturbyggð**

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið tillögu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Vesturbotni, Vesturbyggð.

Bent er á að skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er meginreglan að koma á sameiginlegu fráveitukerfi í hverfum íbúðahúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf nema því verði ekki við komið.

Með vísun í ofangreinda reglugerð er farið fram á frekari útfærslu fráveitna í deiliskipulagi. Setja skal fyrirhugðaða staðsetningu hreinsimannvirkis inn á skipulagstillögunna.

Ef talin er þörf á að víkja frá meginreglu reglugerðarinnar um sameiginlega fráveitu skal fylgja slíkri tillögu rökstuðningur þess efnis sem tekur m.a. til gæða, getu og skilgreiningu viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Bent er á að vatnsvernd verði skilgreind í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni þarf að skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skulu verndarsvæði taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins. Vatnsvernd þarf að koma fram á aðalskipulagi og eftir atvikum deiliskipulagi.

Virðingarfyllst



Hlynur Reynisson  
Heilbrigðisfulltrúi